

Skólaráð Hörðuvallaskóla

1. fundur skólaársins 2019-2020, haldinn 03.10. 2019

Skólastjóri: Þórunn Jónasdóttir

Fulltrúar foreldra: Linda Hilmarsdóttir

Fulltrúi grenndarsamfélags: Marta Kristín Sigurjónsdóttir

Fulltrúar kennara: Margrét Ingadóttir, Unnur Helga Óttarsdóttir

Fulltrúi starfsfólks: Sigríður Einarsdóttir.

Fulltrúi nemenda: Hávar Darri Vignisson

Dagskrá og afgreiðslur:

1. Skipan skólaráðs.

Nýkjörinn fulltrúi kennara til tveggja ára er Margrét Ingadóttir, Unnur Óttarsdóttir situr nú sitt þriðja ár sem fulltrúi kennara. Sigríður Einarsdóttir hefur setið í nokkur ár sem fulltrúi starfsfólks. Marta Kristín Sigurjónsdóttir er fulltrúi grenndarsamfélagsins, Fulltrúar foreldra eru Linda Hilmarsdóttir situr nú sitt annað ár og Björn Ásbjörnsson nýr inn. Nýkjörnir fulltrúar nemenda eru Hávar Darri Vignisson og Gunnar Már Tryggvason.

2. Fundatími skólaráðs.

Fastur fundartími skólaráðs í vetur - miðað er við fyrsta fimmtudag í mánuði kl. 08:15

3. Þróun nemendafjöldamála

Nemendur í byrjun skólaárs eru rétt um 920 sem er nokkuð minna en gert hafði verið ráð fyrir. Farið yfir spár næstu ára er varða bæði skólahúsnæðin.

4. Ytra mat – bréf til skólaráðs

Kynnt bréf frá menntamálaráðuneyti þar sem staðfest var móttaka á stöðuskýrslu skólans sl. vor vegna ytra matsins sem fram fór vorið 2017. Ráðuneyti mun næst kalla eftir stöðuskýrslu í júní 2020.

5. Húsnæðismál / lóðamál

Farið yfir stöðu framkvæmda og húsnæðismála.

6. Stundaskrár

Ekki er um stórvægilegar breytingar að ræða á stundaskrá milli skólaára og sami tímarammi er í notkun og áður. Á unglíngastigi er vinnustundir ein á dag og þeir tímar eru samtímis hjá öllum bekkjum hvers árgangs, sem gefur aukin tækifæri til samþættingar og þemavinnu. Á yngsta stigi er tónmennt komin inn í smíðjurúllur með öðrum list- og verkgreinum. Leiklist hefur bæst við sem listgrein í 5. og 6. bekk. Fundur í næstu viku með foreldrum 7. árg vegna breytinga á kennsluháttum í þeim árgangi. Kór og skák inni á skóladeginum.

7. Námskynningar

Námskynningar í 1., 5. og 8. bekk voru haldnar í september. Þær voru með svipuðu sniði og í fyrra.

8. Handbók starfsmanna 2019-2020

Handbókin er tilbúin til yfirlstrar. Verður send út í vikunni.

9. Starfsáætlun 2019-2020

Plaggið er í vinnslu og drög ættu að berast fulltrúum í skólaráði til yfirlstrar innan nokkurra daga.

10. Atburðadagatal 2019-2020

Dagatalið lagt fram og skoðað. Verður klárað og sent út í vikulokin.

11. Lesfimiþróf september 2019

Niðurstöður lesfimiþrófs skoðaðar og bornar saman við niðurstöður vorannar.

Næsti fundur áformaður fimmtudaginn 7. nóvember kl. 8:15

fundargerð rituð af Þórunni Jónasdóttur